



Innblásturinn

KEMUR ALLS STAÐAR AÐ

Magrét Guðnadóttir hönnuður vinnur aðallega við körfugerð en hún hefur hannað fallegar sérlenskar spiladósir með lögum á borð við Vísur Vatnsenda-Rósu, Krummavísur og Pað á að gefa börnum brauð, en þetta eru fyrstu íslensku spiladósirnar. Þær eru afar vinsælar gjafavörur og fást í versluninni Epal Design í Flugstöðinni.



Magrét lærði körfugerð og textílhönnun í Connecticut-fylki í Bandaríkjunum. „Ég bjó í sex ár í Bandaríkjunum en þar er körfugerð listgrein og flokkast undir vefnað. Ég hef alltaf verið hrifin af spiladósum og haft sérstaka unun af íslenskum þjóðlögum, enda mjög söngelsk. Því datt mér í hug að setja spiladós inn í litla körfu, en ég var að rækta minn eigin körfuvíði og þar sem uppskeran var ekki mikil vildi ég nýta hana í eitthvað sérstakt. Ég hélt í fyrstu að einhvers staðar fyrifyndist gömul íslensk spiladós, því þær hlytu að hafa verið smíðaðar hér á landi eins og annars staðar. En ég komst að því að sú var ekki raunin þannig að ég ákvað að hefja framleiðslu á þeim. Ég valdi lögini og fann aðila sem gat framleitt sjálft spilverkið og sá að ég þurfti að framleiða spiladósirnar í miklu magni til þess að þetta borgaði sig,” segir hún um tilurð íslensku spiladósanna. Hún nefnir að tölulega tóna hafi tekið að fá lögini til að hljóma rétt en að útkomu ósé afar góð. „Satt best að segja hélt ég fyrst að ég ...“ Þá minjagripi fyrir erlenda ferðamenn en reyndi ... „... ar spiladósir höfða fyrst og fremst til Íslendinga ...“ Þá ... „... ælar sem gjafir við öll möguleg tilefni.“

Eins og listamanna er siður ... „... margrét bókstaflega alltaf vera í vinnunni, að minnst ...“ Þá andlega. „Innblásturinn kemur svo víða að, ekki síst þegar ...“ Ég er á ferðalögum á framandi slóðum eða til dæmis að keyra í fallegu vetrarveðri í Skorradalnum þar sem ég á bústað. Tónlist hjálpar mér líka en ég er í Selkórnum á Seltjarnarnesi og með því að æfa jólagögin þar fæ ég hugmyndir fyrir mína listsþöpun fyrir jólín.“

Hver skyldi vera draumaafangastaður þinn?

„Mig langar að fara eitthvað langt í burtu, eins og Indlands og Afríku og það eru helst listirnar, menningin og mannlífið sem heillar. En þess má geta að ég fer reglulega til Bandaríkanna í sumarskóla á eyjunni Haystack í Maine, en það er sannkölluð paradís á jörðu. New York finnst mér líka mjög heillandi þó að ég vildi ekki búa þar, en Bandaríkin eiga reyndar sérstakan sess í mínum huga. Ég kann líka alltaf betur og betur við mig í London auk þess sem mér finnst Ítalía æðisleg. En þegar ég ferðast reyni ég alltaf að nota tímann sem allra best til þess að skoða og kynnast menningunni,” segir Margrét að lokum.